

# Íþróttasvæði Njarðvíkur við Afreksbraut

Skýrsla umsjónaraðila íþróttasvæðisins við Afreksbraut árið 2020



## Formáli

Hér kemur skýrsla Knattspyrnudeildar Njarðvíkur fyrir sumarið 2020 samkvæmt rekstrarsamningi um íþróttasvæðið við Afreksbraut. Sumarið var fínt gróðurfarslega séð og ekkert stórt sem kom uppá.

## Áburðargjöf

Sama áburðargjöf er notuð á aðalvöll og æfingarsvæði og fer um 600 kg á allt svæðið í hverri gjöf. Notast er við áburðardreyfara sem deildin á og er dregin af fjórhjóli. Fyrstu 3 skammtarnir voru fengnir hjá Skeljungu en síðustu 2 frá Sláturfélagi Suðurlands. Breyta þurfti örlítið útfrá áætlun fyrir sumarið þar sem það lengdist í öllum mótum og allir flokkar voru lengur á svæðinu en verið hefur.

Borið var á allt svæðið 22.apríl, 19. Maí, 24.júní, 13.júlí,18.ágúst og 12.september einsog áður segir 600 kg í hverri gjöf.

## Sláttur

Aðalvöllurinn var sleginn frá 2 og allt uppí 4 skipti á viku þegar spretta var sem mest. Völlurinn var sleginn með sláttuvél deildarinnar sem er mjög góð sláttuvél en er mjög hægfara og tekur þar af leiðandi langan tíma hver sláttur. Æfingarsvæðið var slegið 2-3 í viku og var reynt að notast við sláttuvél deildarinnar ef hægt var en annars kom sláttuvél frá Grjótgörðum og sló æfingarsvæðið en hún nær ekki að slá eins neðarlega og vél deildarinnar.

## Merkingar á velli

Allar merkingar voru framkvæmdar af vallarstarfsmönnum og voru bæði aðalvöllu og æfingarsvæði merkt 1-2 í viku. Allar mælingar á völlum voru framkvæmdar af Verkfræðistofu Suðurnesja.

## Götun og söndun

Svæðið var tappagatað og sandað 3 í sumar, í byrjun sumars, mitt sumar og svo eftir að tímabili lauk til að gera svæðið klárt fyrir veturinn. Ég býst við því að svæðið mun verða gatað oftár næsta sumar en þar sem svæðið drenar ílla þá hjálpar götunin svæðinu í nokkrar vikur á eftir að drena.

## Vökvun á svæði

Svæðið var vökvað eftir þörfum og passað uppá að grasið yrði ekki þurrt. Notast var við úðara deildarinnar en stefnt er að því að bæta við öðrum fyrir næsta sumar. Það gat reynst erfitt á köflum að halda báðum svæðum í vökvun með einungis 1 vökvara og einnig vegna þess að það er enginn vatnskranir við æfingarsvæðið og þarf þar að leiðandi að setja slöngur yfir aðalvöllin til að koma þeim á æfingarsvæðið.

## Viðgerðir

Grassvæðið kom ágætlega undan vetri en einhverjar viðgerðir þurfti að gera. Yfir sumarið var notast við blöndu af sandi, mold, grasfræjum og áburði í öll sár og gekk það vel. Við notumst við grasfræ frá fyrirtækinu Gras Tec ehf á Akranesi..

## Notkun á svæðinu

Notkun á svæðinu var aðeins meira en verið hefur en spilaðir voru 70 leikir á svæðinu í ár. Fyrsta útiæfing var í byrjun maí og síðasta æfing um miðjan október.

## Vallarhúsið

Húsið er í notkun allt árið og þá annaðhvort vegna íþróttaiðkunnar eða félagsstarfsemi. Klefi hjá meistaraflokknum var tekinn í gegn í byrjun sumars og heppnaðist það mjög vel og er mikil ánægja með hvernig tókst til.

## Starfsmenn

Fyrir utan vallarstjóra fengum við unglinga í vinnu frá Reykjanesbæ bæði frá vinnuskólanum og sérstöku átaki frá ríkinu. Við einstök og stærri verkefni mættu stjórnarfolk og hjálpuðu til. Hjalti Már Brynjarsson hjá Grjótgörðum var einsog áður ráðgjafi fyrir grassvæðið.



**Að lokum**

Ástandið á grassvæðinu er gott eftir sumarið og hefur vinna sumarsins skilað sér.

Við munum sækjast eftir því að fá að halda áfram að sjá um rekstur og umsjón á þessu íþróttasvæði, við höfum til þess reynslu, útsjónarsemi og vilja til að bera ábyrgð á því sem okkur er falið.

Reykjanesbær 20.11.2020

F.h. Knattspyrnudeildar Njarðvíkur

Lórenz Óli Ólason

Vallarstjóri